

Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579, og Landsnet hf., kt. 580804-2410, gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

um uppbyggingu hluta raforkuflutningskerfis Landsnets hf. innan Hafnarfjarðar.

1. gr.

Landsnet mun án kostnaðarþátttöku Hafnarfjarðarbæjar ráðast í eftirfarandi framkvæmdir og breytingar við hluta raforkuflutningskerfisins innan Hafnarfjarðar eins og nánar greinir í samkomulagi þessu.

2. gr.

1. Suðurnesjalína 2

Ný Suðurnesjalína, Suðurnesjalína 2, 220 kV háspennulína, mun tengjast tengivirkinu í Hamranesi með 220 kV jarðstreng frá Hraunhellu. Mun þessi tenging létta á ásjúnd Hamranestengivirkisins þar sem aukamöstur á lóðinni fyrir Suðurnesjalínu 1 verða tekin niður eftir að Suðurnesjalína 2 er komin í rekstur.

2. Niðurrif Hamraneslína 1 og 2

Aðilar eru sammála um áætlun um niðurrif Hamraneslína. Áætlað er að hefja niðurrifið eins fljótt og kostur er eftir að Sandskeiðslína 1 hefur verið tekin í rekstur. Byrjað verði á að rífa niður þann hluta sem liggur næst Hamranesi þannig að sá línuhluti verður farinn niður fyrir árslok 2018. Bygging Sandskeiðslínu 1 er forsenda þess að hægt sé að rífa Hamraneslínur og gera aðrar breytingar á flutningskerfinu í Hafnarfirði sem fjallað er um hér að neðan sbr. þó úrbætur á hljóðvist í spennuvirkinu við Hamranes. Munu aðilar leita eftir samvinnu við önnur sveitarfélög sem málið varðar, um að ráðist verði í þetta verkefni sem fyrst.

3. Sandskeiðslína 1

Unnið er að undirbúningi vegna byggingar 420 kV Sandskeiðslínu 1 sem mun liggja í lofti frá nýju tengivirki við Sandskeið að Hrauntungum í Hafnarfirði og þaðan sem 220 kV háspennulína samsíða Suðurnesjalínu 2 að Hraunhellu. Tvær mögulegar útfærslur á legu Sandskeiðslína 1 frá Hraunhellu eru til skoðunar. Annars vegar að línan muni liggja í lofti frá Hraunhellu í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar en tengjast Hamranesi með jarðstreng frá loftlínuhluta vestan Krísuvíkurvegar. Hins vegar útfærsla sem byggir á tengingu Sandskeiðslínu 1 frá Hrauntungum beint til álversins í Straumsvík í stað Hamranes en nánar er rætt um útfærsluna í 5. lið þessarar greinar. Áætlað er að framkvæmdum verði lokið fyrir árslok 2018, að því gefnu að tilskilin leyfi fáiast í tæka tíð.

4. Hamranes-tengivirkið

- Hljóðvist

Landsnet hefur látið vinna skýrslu um hávaða frá tengivirkinu. Til að minnka hljóð sem berst frá tengivirkinu verður m.a. ráðist í eftirfarandi aðgerðir:

1. Hljóðmön verður hækkuð um allt að 2 metra árið 2015.
2. 1 af 3 spennum á lóð er ekki í eigu Landsnets en fyrirtækið mun beita sér fyrir því að spennirinn verði tekinn úr rekstri en að öðrum kosti að dregið verði úr hljóðmengun frá honum í samræmi við aðgerðir Landsnets skv. tölul. 3.
3. Byggt verður utan um 2 spenna á lóð með hljóðdempandi efnum eigi síðar en árið 2015.

- Ásýnd

Ásýnd tengivirkisins verður bætt með eftirfarandi aðgerðum:

1. Stálgrindamöstur sem standa upp úr byggingunni verða minnkuð og þeim breytt samhliða og í beinu framhaldi af breytingum sem leiða af byggingu Sandskeiðslínu 1 og Suðurnesjalínu 2, niðurrifi Hamraneslína 1 og 2 og tilfærslu Ísallína 1 og 2.
2. Aukamöstur innan lóðarmarka fyrir Suðurnesjalínu 1 verða tekin um leið og Suðurnesjalína 2 kemur í rekstur.
3. Mön verður hækkuð um allt að 2 metra, sbr. liður 1 hér að framan um hljóðvist.

5. Ísallínur 1 og 2 og ný tenging við Hamranes í þeirra stað

Þar til nýtt tengivirki í Hrauntungum verður byggt verða Ísallínur áfram tengdar sem loftlínur milli tengivirkis í Hamranesi og álversins í Straumsvík, 220 kV háspennulínur. Sú útfærsla sem er fyrst til skoðunar felur í sér að Sandskeiðslína 1 tengist beint inn til álversins í Straumsvík í stað þess að tengjast Hamranesi og að í stað tveggja Ísallína, milli álversins og Hamranes, komi aðeins ein lína. Þessi útfærsla kann að kalla á breytingar á samningum Landsnets og því ekki unnt af hálfu Landsnets að taka ákvörðun um hana á þessu stigi og þar af leiðandi óvíst hvort unnt sé að ráðast í þessa útfærslu. Verði ekki unnt að tengja Sandskeiðslínu 1 beint inn til álversins í Straumsvík, mun Landsnet vinna að færslu línanna úr núverandi legu í nýtt línustæði frá Hamranesi að Hraunhelli og þaðan að álveri í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Þessi útfærsla kann að kalla á breytingar á skipulagi. Gert ráð fyrir að færslu Ísallína verði lokið eigi síðar en 2018.

3. gr.

Uppbygging Sandskeiðslínu 1 og niðurrifi Hamraneslína 1 og 2 skal lokið fyrir árslok 2018 nema óviðráðanleg atvik takmarki framkvæmdir, s.s. force majeure, leyfisveitingar, niðurstaða í kærufærlum eða dómsmálum. Allar framangreindar framkvæmdir, nema vegna hljóðvistar

við Hamranes, hvíla á þeirri forsendu af hálfu Landsnets að öll tilskilin leyfi fáist í tæka tíð þannig að tímaáætlanir geti staðist og engin óviðráðanleg atvik, sbr. upptalningu að framan, takmarki framkvæmdir, hvort sem er vegna Suðurnesjalínu 2 eða Sandskeiðslínu 1.

Verði ljóst að núverandi Hamraneslínur komi í veg fyrir nauðsynlegar byggingarframkvæmdir við skóla, sem gert er ráð fyrir í núverandi línustæði þeirra, þannig að skólinn verði ekki tilbúinn til notkunar í samræmi við uppbyggingu hverfisins, eru aðilar sammála um að grípa til bráðabirgðaráðstafana á árinu 2017. Nánar felast þessar bráðabirgðaráðstafanir í því að hluti Hamraneslína 1 og 2 verði fluttur (frá mastrastæðu 44 að mastrastæðu 46) til suðurs þannig að unnt verði að byggja skólann og taka hann í notkun. Um yrði að ræða loftlínur með hefðbundnum frágangi með vísan til öryggisþátta og þeirra lögbundnu skyldna sem hvíla á Landsneti. Sjá meðfylgandi fylgiskjal 1, sem sýnir tillögu að legu bráðabirgðalínu. Landsnet mun sjá um og framkvæma framangreinda tilfærslu á hluta Hamraneslína 1 og 2 á sinn eigin kostnað. Landsneti er heimilt að breyta útfærslunni ef það er talið hagkvæmt og með samþykki Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til vinna eins hratt og kostur er að málum sem snúa að skipulagi og veitingu leyfa fyrir umræddum framkvæmdum innan sveitarfélagsins.

4. gr.

Forstjóri Landsnets og bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar munu funda a.m.k. annan hvern mánuð í tengslum við framkvæmdir Landsnets innan Hafnarfjarðar, framvindu og verkefni, m.a. vegna niðurrifs Hamraneslína 1 og 2 og byggingu 420 kV háspennulínu, Sandskeiðslínu 1, og annarra framkvæmda innan Hafnarfjarðar.

Aðilar lýsa því yfir að þeir eru sammála um að við fyrsta tækifæri þurfi að koma öllum línunum í framtíðarlínustæði skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Aðilar eru sammála um að stofna samráðshóp um framkvæmdir samkvæmt samkomulagi þessu með þátttöku hagsmunaaðila, s.s. íbúasamtökum og álverinu í Straumsvík.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir samkomulag þetta.

Hafnarfirði, 9. júlí 2015.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Landsnets hf.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri

Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri